

Mál nr. 66/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur Einarsnesi þann 03.01. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 04.04. 2006, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.04. 2006, ásamt fylgiskjöllum.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.04. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var báðum ekið aftur á bak á móti hvor annarri.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaðurinn hafi ekki áttað sig á því að A var ekið aftur á bak þegar B hóf að aka aftur á bak. Taldi hann að A væri bara lagt með "þessum hætti út í götunni". Ökumaður A hefur haldið því fram að hann hafi verið kyrrstæður þegar áreksturinn varð og kveðst hafa flautað til þess að láta B vita af sér en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga. Bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak og hvorugur ökumanna hafi sýnt nægilega aðgæslu.

Óþarft er að geta frásagna aðila í umfjöllun þessari.

Álit.

Bifreiðunum var báðum ekið aftur á bak. Ekki er unnt að láta halla á annan ökumanninn fremur en hinn miðað við fyrirliggjandi gögn. Ósannað er að A hafi verið kyrrstæð það lengi að áhrif hafi á réttarstöðu. Með vísan til framanritaðs er sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 16. maí 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.